

Hlutverk náttúruverndarnefnda skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd

Ársfundur Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda og Náttúrustofa
10. Nóvember 2022

Eva B. Sólan, lögfræðingur
evasolan@UST.IS

Náttúruverndarnefndir

1. mgr. 14. gr. nvl.

- Þriggja til sjö manna nefnd, kosin af sveitarstjórn til 4 ára í senn.
- Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndamanna og setur nefndinni erindisbréf.
- Sveitarfélög greiða kostnaðinn,
- Sveitarfélög geta haft samvinnu um starfrækslu náttúruverndarnefnda.



Hlutverk náttúruverndarnefnda

2. mgr. 14. gr. nvl.

- Vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál.
- Stuðla að náttúruvernd á sínu svæði, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líklegt er að hafi áhrif á náttúruna.
- Gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórna og Umhverfisstofnunar.

Hlutverk náttúruverndarnefnda

- 30. gr. Heimild til að bæta aðstöðu til útivistar
- 36. gr. Umsagnaraðili um tillögu að náttúruminjaskrá.
- 37. gr. Umsagnaraðili vegna framkvæmda á svæðum sem skráð eru á C-hluta náttúruminjaskrár.
- 41. gr. Umsagnaraðili vegna undanþága frá ákvæðum friðlýsingar.
- 44. gr. Umsagnaraðili um afnám eða breytingu friðlýsingar.

Hlutverk náttúruverndarnefnda

- 57. gr. Umsagnaraðili vegna framkvæmda sem fela í sér röskun á friðuðu svæði eða fyrirbæri.
- 58. gr. Umsagnaraðili um umsóknir um undanþágur frá ákvæðum auglýsingar um friðun.
- 61. gr. Umsagnaraðili vegna framkvæmda sem raska tilteknum vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar.



Hlutverk náttúruverndarnefnda

- 68. gr. Umsagnaraðili vegna gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og verulegra breytinga á þeim. Einnig við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum og svæðum í 61. gr og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum.
- 77. gr. Umhverfisstofnun er heimilt að fela m.a. náttúruverndarnefndum að fylgjast með ástandi svæða í óbyggðum.

Tengsl náttúruverndarnefnda við Umhverfisstofnun

14. gr.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um kjör náttúruverndarnefnda.
- Náttúruverndarnefndir skulu leita aðstoðar og ráðgjafar hjá Umhverfisstofnun þegar ástæða er til.
- Umhverfisstofnun, fulltrúar náttúruverndarnefnda og forstöðumenn skulu halda a.m.k. einn sameiginlegan fund á ári.
- Náttúruverndarnefndir skulu veita Umhverfisstofnun yfirlit yfir störf sín með skýrslu í lok hvers árs.



Tengsl náttúruverndarnefnda við náttúrustofur

- Náttúrustofur skulu veita náttúruverndarnefndum á starfsvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verkswiði stofnunar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni.
- Ráðherra skal setja í reglugerð nánari ákvæði um hlutverk náttúruverndarnefnda og tengsl þeirra við náttúrustofur.



Reglugerð um náttúruvernd nr. 205/1973

- Enn í gildi um atriði sem hafa stöð í nógildandi náttúruverndarlögum.
- Talin upp ýmis verkefni náttúruverndanefnda
- <https://www.reglugerd.is/reglugerdi/r/allar/nr/0205-1973>

Í hnotskurn

- ❖ Mikilvægir umsagnaraðilar
- ❖ Eru sveitarstjórnnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál.
- ❖ Stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líklegt er að hafi áhrif á náttúruna.
- ❖ Gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórna og Umhverfisstofnunar.
- ❖ Leita aðstoðar og ráðgjafar hjá Umhverfisstofnun þegar ástæða er til.
- ❖ Veita Umhverfisstofnun yfirlit yfir störf sín með skýrslu í lok hvers árs.

Takk fyrir

